

Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs 9. maí 2017

Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytið: Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar, Björk Óttarsdóttir, Svandís Ingimundardóttir, Aðalheiður Steingrímsdóttir. Finnur Friðriksson og Sigrún Vésteinsdóttir umsýsluaðili Sprotasjóðs sátu fundinn í Háskólanum á Akureyri.

Sigurjón Mýrdal setti fundinn kl. 9:30. Sigrún Vésteinsdóttir var fundarritari.

Eftirfarandi liðir voru ræddir.

a) Úthlutun og staða mála

Öllum umsækjendum voru send svarbréf 4. - 5.maí. Næsta mál á dagskrá hjá umsýsluaðila er að hafa samband við þá skóla sem hlutu styrk og ganga frá samningi á grundvelli úthlutunar. Skera þurfti niður styrkupp hæðir nokkurra umsókna og þarf að skoða það sérstaklega með umsækjendum.

b) Úthlutunarreglur sjóðsins fyrir næsta ár

Stjórn sjóðsins telur mikilvægt að sjóðurinn gefi út ákveðin viðmið til að leiðbeina umsækjendum sjóðsins. Á fundinum fór stjórnin yfir viðmið/gátlista sem stjórnin hefur notað við vinnu sína við yfirferð umsókna en þessi viðmið byggja á 5. og 6. grein reglugerðar um Sprotasjóð leik- grunn- og framhaldsskóla. Þessi viðmið verða svo færð inn á heimasíðu sjóðsins þar sem þau verða aðgengileg umsækjendum.

Stjórn sjóðsins telur mikilvægt að skerpa á því hvað það er sem sjóðurinn styrkir. Hingað til hefur aðeins verið tekið fram í umsóknarformi sjóðsins að sjóðurinn styrki ekki útgáfu og námagnagerð. Stjórn sjóðsins telur mikilvægt að það komi skýrt fram, frá og með næsta úthlutunartímabili, að sjóðurinn styrki ekki að öllu jöfnu tækjakaup, útgáfu og námmsgagnagerð og símenntun fyrir kennara, þar sem þetta er kostnaður sem hægt er að sækja um, í flestum tilfellum, til annarra sjóða.

Einnig var rætt um að fyrir næsta umsóknartímabil yrði fært inn ákvæði í samninga þar sem stjórnin áskilur sér rétt til að kalla eftir bókhaldsgögnum við skil á lokaskýrslu.

Einnig var á kveðið á fundinum að umsýsluaðili myndi yfirfara reglur um meðferð umsókna sem stjórn notar við yfirferð umsókna og senda þær svo til stjórnar til skoðunar. Þær reglur verður svo einnig aðgengilegar á vef Sprotasjóðs.

c) Fyrirhuguð ráðstefna

Stjórn sjóðsins hefur talsvert rætt um að halda þurfi ráðstefnu þar sem rætt verður um þróunarstarf í skólum. Hugmynd stjórnar er að ræða við fleiri aðila sem koma að þessum málum s.s eins og áhugafólk um skólaþróun og stýrihóp samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Ákveðið var að Sigurjón og Svandís myndu skoða þetta nánar og upplýsa stjórnina í framhaldinu.

d) Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá.

Fundi var slitið kl. 11:43